

Dagskóli FB

Valáfangar í boði á vorönn 2012

DAN4036	<p>Bókmenntir, fjölmiðlar, þemavinna I Undanfari: DAN 3036</p> <p>Áhersla er lögð á alhliða texta- og hlustunarskilning og tal- og ritfærni nemenda er þjálfuð enn frekar. Unnið er með fjölbreytt efni, þar sem m.a. fjölmiðlar og Netið er nýtt til efnisöflunar. Dönsk kvikmyndagerð er kynnt og saga hennar rakin. Lesnir verða ýmsir textar sem tengjast kvikmyndum. Nemendur eru þjálfaðir í að greina kvik-myndir og tjá sig um þær. Í bókmenntum er einkum unnið með ævintýri og sagnir. Lögð er áhersla á að nemendur vinni saman að verkefnum og tjái sig sem mest á dönsku í kennslustundum.</p>
ENS4236	<p>Yndislestur, skáldsögur frá seinni hluta 20. aldar. Undanfari: ENS 3036</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nemendur lesa sjálfstætt minnst fimm skáldsögur á ensku. Að minnsta kosti þrjár eiga að vera af bókalista og tvær mega nemendur velja sjálfir en kennari verður að sjá þær og samþykkja. • Nemendur sækja ekki formlegar kennslustundir en mæta reglulega í viðtal til kennara þar sem þeir gera grein fyrir því sem þeir hafa lesið. Nauðsynlegt er að nemendur komi vel undirbúnir í öll viðtöl. • Nemendur skila einni ritgerð um afmarkað efni byggt á einni skáldsögunni. • Kennari er til viðtals þrisvar í viku. Gera má ráð fyrir að hvert viðtal taki 10 - 15 mínútur. • Mikilvægt er að nemendur lesi reglulega. Því er gerð krafa um það að þremur viðtölum (þremur bókum) sé lokið í lok 9. viku. • Aðeins má taka þennan áfanga einu sinni.
ENS4436	<p>Teiknimyndasögur á ensku Undanfari: ENS 3036</p> <p>Í þessum áfanga verða teiknimyndasögur skoðaðar sem alvöru bókmenntir og þróun þeirra rakin með áherslu á samfélagið sem birtist í þeim og hinn afkastamikla iðnað sem teiknimyndasögurnar eru í dag. Nemendur munu ekki einungis lesa teiknimyndasögur heldur líka um þær og skrifa og tala um teiknimyndasögur.</p> <p>Farið verður yfir nokkrar sögur og greinar teiknimyndasögunnar. Nemendur velja sér sína eigin ofurhetju og gera samantekt um hana, byggða á teiknimyndasögunum og umfjöllun um þær. Samantektin nær yfir uppruna ofurhetjunnar, krafta, veikleika, afrek og samskipti við samfélagið ásamt þemum eins og „secret identities“ og ástarsambönd. Í lok áfangans munu nemendur svara spurningunni „Hvað er hetja?“ og skoða sjálfa sig í því samhengi.</p>

FAT1136	Fatasaumur - Endurhönnun Markmið er að nemandi læri að stílbreyta og sauma einfaldar flíkur og að hann læri að endurhanna úr gömlum flíkum.
FEL2236	Afbrotafræði Undanfari: FEL1036. Á vorönn 2012 býður félagsfræðideild upp á FEL2236 sem áfanga um afbrotafræði. Undanfari fyrir þennan áfanga er FEL1036. Efni áfangans er afbrotafræði. Farið verður í sjónarhorn og viðfangsefni afbrotafræðinnar. Áhersla verður lögð á gagnrýna umræðu um álitamál er tengjast frávíks- og afbrotahegðun og viðbrögðum samfélagsins við þeim. Afbrot á Íslandi verða sérstaklega skoðuð. Kennsluefni í áfanganum er bókin Afbrot á Íslandi og efni frá kennara. Þetta verður símatsáfangi og byggir námsmatið á verkefnum, ritgerð og virkni nemenda.
HEI1036	Í áfanganum verður heimspekin skoðuð og rædd með áherslu á það hvernig hún tengist okkar daglega lífi á sama tíma og kenndar verða kenningar merkra heimspekinga. Nemendur fá tækifæri til þess að reyna á eigin skinni að móta hugmyndir sínar um heimspeki og gott líf og lifa samkvæmt þeim með lífstillraunum og verkefnum. 2-3 kvikmyndir með heimspekilegu innihaldi verða skoðaðar og ræddar. Áfanginn byggir að hluta til á þátttöku nemenda í samræðum. Meginmarkmið áfangans er að nemendur kynnist heimspeki sem fræðigreinin ekki síður sem lífsmáta.
HUV2024	Nemendur vinna að möppu (portfolio) til að leggja inn í háskóla. Vinnuferli er með svipuðum hætti og í HUV 10 en meiri áhersla lögð á úrvinnslu hugmynda og enn meiri fjölbreytni í framsetningu og efnisvali. Ekki er nauðsynlegt að úrvinnsla felist eingöngu í sjónrænni útfærslu. Æskilegt er að hluti vinnunnar í áfanganum sé tölvuunnin og að nemendur læri að nýta sér tölvutækni í hugmyndavinnu og fleiri rafræna miðla. Ítarlegar umræður og skoðanaskipti milli nemenda er veigamikill hluti hugmyndavinnunnar.
HÖN1924	Nemendur kynnast efnunum til listhönnunar og framleiða list og nytjahluti. Nemendur fá bóklega kennslu um samtíma listamenn, hönnuði og kynna sér mismunandi verk og vinnubrögð. Farið er í heimsóknir á vinnustofur listamanna og hönnuða og hönnunar- og listsýningar er falla að námsefninu skoðaðar.
ISL1912	Í áfanganum fá nemendur innsýn í heim íslenskra þjóðsagna. Nemendur kynnast völdum þjóðsögum sem gefa gott yfirlit yfir alþýðutrú, hjátrú ýmiskonar og hindurvítni til forna. Fjallað verður um þekktar þjóðsagnaverur, drauga og tröll.

ISL6236	<p>Kvikmyndir - Kvikmyndir eru líklega áhrifamesti miðill okkar tíma og því full ástæða til að skoða hvernig þær hafa þróast á þeim rúmlega hundrað árum sem liðin eru síðan fyrsta kvikmyndin var gerð. Í áfanganum er horft á kvikmyndir allt frá upphafi til okkar daga. Sýndar verða 6-8 myndir í fullri lengd auk brota úr mörgum myndum. Farið verður yfir kvikmyndamálið sjálft og helstu hugtök sem tengjast því s.s. ólíkar gerðir klippinga, hreyfingu tókuvélar, innrömmun o.fl. Rætt verður um helstu stefnur og áhrifavalda sem mótað hafa kvikmyndir, ekki síst þá kvikmyndahefð sem kennd er við Hollywood. Við förum einnig yfir fyrirbærið kvikmyndastjarna, hvernig stjörnuímyndir eru búnar til og hvernig þeim er viðhaldið. Heimildamyndir verða skoðaðar sérstaklega og ólíkar aðferðir við að miðla heimildaefni. Í tengslum við það verða sýndar þrjár til fjórar heimildamyndir.</p>
MOD2036	<p>Í áfanganum teikna nemendur eftir lifandi fyrirmynd og þjálfast í að auka við teiknikunnáttu sína og beita henni á fjölbreyttari og meira skapandi hátt en í fyrri áfanga. Hraðteikningar í bland við langar stöður.</p>
SAG1912	<p>Í áfanganum er fengist við sögu 20. aldar. Fjallað er um stórviðburði aldarinnar, merkisfólk, tónlist, kvikmyndir, strauma og stefnur.</p>
SMY1036	<p>Stafræn myndvinnsla. Megin áherslan er á Photoshop en farið verður í grunnatriði stafrænna myndavéla, Illustrator og MovieMaker. Einnig er stutt kynning á ýmsum forritum sem nýtast vel í myndvinnslu. Lögð er áhersla á skapandi vinnu og fjölbreytta myndvinnslu, auk myndbyggingar, letnotkunar og að senda myndir í prentun. Nemendur klippa saman stuttmynd í MovieMaker.</p>
UTN2036 Undanfari UTN1036	<p>Góður áfangi fyrir nemendur sem hyggja á nám í háskóla. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð nemenda. Farið er yfir helstu tegundir upplýsingasafna (bókasafna, gagnabanka, o.fl.) og nemendur þjálfast í að afla upplýsinga á Netinu og meta gildi þeirra.</p> <p>Word Uppsetning á langri ritgerð Ferilskrá Þjálfun í uppsetningu á langri ritgerð með neðanmálgreinum, sjálfvirku efnisyfirliti, atriðaorðaskrá, töfluskra, myndaskrá o.fl. Frágangur merkimiða. Fjölvar (macros), notkun og uppsetning flýtihnappa. Uppsetning (umbrot) á blaðagreinum o.fl. Nemendur útbúa sína eigin ferilskrá.</p> <p>Excel Áætlanagerðir o.fl. Farið er í flóknar aðgerðir í töflureikninum Excel (fjármálaföll, tölfræðiföll o.fl.) og útskýrt hvernig Excel getur nýst við útreikninga og áætlanagerð sem kemur sér vel fyrir þá nemendur sem stefna á frekara nám. Einnig er nemendum kennt að setja upp lista, leita, raða og sía færslur eftir margs konar skilyrðum. Farið er vel í samtengingu skjala og samþættingu á Word og Excel.</p> <p>PowerPoint Masters-glærur o.fl. Farið er í flóknar aðgerðir í glærugerðarforritinu PowerPoint og helstu notkunarmöguleika forritsins, bæði í framsetningu og útprentun.</p> <p>Expression Web Vefsíðugerð Notepad++ Verkefni í Html Paint.net Liósmyndavinnsla</p>

ÖKU1912	Undirbúningur fyrir ökunám Í áfanganum er lögð áhersla á að búa nemendur undir ökunám. Farið verður í það hvað þarf til að ná ökuþrófi. Nemendur fá að spreyta sig á verkefnum tengdu efninu og á verkefnablöðum. Nemendur koma til með að læra heiti umferðarskilta og helstu umferðareglur. Farið verður yfir þá ábyrgð sem felst í því að aka bifreið auk helstu þætti við að eiga og reka eina slíka.
----------------	---